

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2024, þriðjudaginn 10. september var haldinn 424. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 7:33.

Mættir: Kristín Thoroddsen Hafnarfirði, Elísabet Berglind Sveinsdóttir Kópavogi, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Bjarni Theódór Bjarnason Garðabæ og Sævar Birgisson Mosfellsbæ. Þorvaldur Daníelsson tók sæti á fundinum með rafrænum hætti.

Jafnframt: Magnús Árnason, Andrés B Andreasen, Eiríkur Björn Björgvinsson og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram innviðagreinings VSÓ dags. í janúar 2023 á skíðasvæðinu í Skálafelli.

Einar K Stefánsson VSÓ situr fundinn undir þessum lið.

- Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 3. sept. 2024 þar sem vísað er til samstarfsnefndarinnar skýrslu verkefnahóps um uppbyggingu á skíðasvæðinu í Skálafelli dags. júní 2024 unnin af VSÓ.

Lögð fram eftirfarandi bókun:

Samstarfsnefndin leggur áherslu á að þeim framkvæmdum sem voru fyrirhugaðar í Skálafelli samkvæmt samstarfssamningi sveitarfélaganna verði frestað í það minnsta um tvö til þrjú ár.

Samstarfsnefndin telur eðlilegt að ekki verði frekari greining gerð í Skálafelli fyrr en að 2-3 árum liðnum. Samstarfsnefndin leggur til við SSH að skoðað verði og tekin ákvörðun um áframhaldandi vinnu við að styrkja innviði á Bláfjallasvæði í samræmi við sáttmála frá 2018. Samstarfsnefnd leggur til að verkefnahópurinn geri grein fyrir greiningu á verkefnum og kostnaðarmati á Bláfjallasvæði.

Einar K. Stefánsson VSÓ situr fundinn undir þessum lið.

- Lögð fram gjaldskrá fyrir skíðasvæðin 2025. Til umræðu.
- Lögð fram drög að fjárhagsáætlun 2025. Til umræðu.
- Lagt fram 7 mánaða rekstraruppgjör skíðasvæðanna.
- Lagt fram minnisblað forstöðumanns dags. 9. sept. 2024 um stöðuna í fjöllum. Í sumar voru snjógirðingar endurbættar ásamt því að settar voru nýjar girðingar tengdum nýjum skíðaleiðum. Norðurleið var breikkuð ásamt færslu lýsingar og uppsetningu og niðurrifs diskalyftu. Landmótum á toppi norðurleiðar og endurbætur á ræsunarkerfi á skíðagöngusvæði.

Fundi slitið kl. 09:00

Kristín Thoroddsen

Þorvaldur Daníelsson
Elísabet Berglind Sveinsdóttir
Bjarni Theódór Bjarnason

Sævar Birgisson
Magnús Örn Guðmundsson